

## TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 13. júlí 1970

um fjórðu breytingu á tilskipun ráðsins frá 23. október 1962 um samræmingu á reglum aðildarríkjanna um litarefni sem heimilt er að nota í matvæli

(70/358/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr.,

1. gr.

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

Tilskipun ráðsins frá 23. október 1962 breytist í samræmi við ákvæði 2. og 3. gr.

2. gr.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Eftirfarandi texti komi í stað 2. mgr. 11. gr.:

Framkvæmdastjórninni var, samkvæmt 2. mgr. 11. gr. tilskipunar ráðsins frá 23. október 1962 <sup>(1)</sup> um samræmingu á reglum aðildarríkjanna um litarefni sem heimilt er að nota í matvæli með áorðnum breytingum samkvæmt tilskipun ráðsins frá 20. desember 1968 <sup>(2)</sup>, heimilað að höfðu samráði við aðildarríkin að ákvarða nauðsynlegar greiningaraðferðir til að sannreyna hvort hreinleiki litarefna sé í samræmi við settar kröfur.

„2. Nota skal þá málsmeðferð sem tilgreind er í 11. gr. a til að ákvarða:

— nauðsynlegar greiningaraðferðir til að ganga úr skugga um að hreinleiki litarefna sé í samræmi við almennar og tilteknar kröfur sem tilgreindar eru í III. viðauka við þessa tilskipun;

— hvaða aðferðum skal beitt við sýnatöku og greiningu til að einangra og bera kennsl á litarefni í og á matvælum.“

3. gr.

Fela ætti framkvæmdastjórninni að ákvarða hvaða aðferðum skuli beitt við sýnatöku og greiningu til að einangra og bera kennsl á litarefni í og á matvælum.

Eftirfarandi ákvæði bætist við eftir 11. gr.:

„ 11. gr. a

Kveða ætti á um leiðir til að koma á nánú samstarfi milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar gegnum fastanefndina um matvæli sem skipuð var með ákvörðun ráðsins frá 13. nóvember 1969 <sup>(3)</sup> í öllum tilvikum þar sem ráðið felur framkvæmdastjórninni vald til að framfylgja reglugerðum viðvíkjandi matvælum.

1. Þegar farið er eftir málsmeðferð þeirri sem mælt er fyrir um í grein þessari skal það tilkynnt fastanefnd um matvæli, sem skipuð var með ákvörðun ráðsins frá 13. nóvember 1969 (hér eftir kölluð „nefndin“), af formanni hennar annaðhvort að hans eigin frumkvæði eða að beiðni fulltrúa aðildarríkis.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. 115, 11. 11. 1962, bls. 2645/62.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 309, 24. 12. 1968, bls. 24.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. L 291, 19. 11. 1969, bls. 9.

2. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar leggur fyrir nefndina tillögu um ráðstafanir sem gera skal. Nefndin skilar álitinu á tillögunni innan frests sem formaður hennar setur eftir því hve málið er brýnt. Til þess að samþykka álitgerð þarf tólf atkvæða meirihluta þar sem atkvæði aðildarríkjanna eru vegin eins og kveðið er á um í 2. mgr. 148. gr. sáttmálans. Formaður nefndarinnar greiðir ekki atkvæði.
3. a) Framkvæmdastjórnin samþykkir áformaðar ráðstafanir, séu þær í samræmi við álit nefndarinnar;
- b) Séu áformaðar ráðstafanir ekki í samræmi við álit nefndarinnar eða skili nefndin ekki álit, leggur framkvæmdastjórnin án tafar fram tillögu um áformaðar ráðstafanir fyrir ráðið. Aukinn meirihluti gildir í atkvæðagreiðslu ráðsins;

- c) Framkvæmdastjórnin samþykkir áformaðar ráðstafanir, hafi ráðið ekki komist að niðurstöðu um tillögunna að liðnum þremur mánuðum frá því að ráðið fékk hana í hendur.

11. gr. b

Ákvæðum 11. gr. a má beita í átján mánuði frá þeim degi sem máli var fyrst vísað til nefndarinnar annaðhvort samkvæmt 1. mgr. 11. gr. a eða samkvæmt öðru samsvarandi ákvæði.“

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 13. júlí 1970.

*Fyrir hönd ráðsins,*

J. ERTL

*forseti.*